

## Skýrsla stjórnar GR fyrir starfsárið 1.11.2006 – 31.10.2007

Á starfsárinu létust 5 félagar í Golfklúbbi Reykjavíkur.

Ásgeir Elíasson  
Gylfi Felixson  
Pálmi Gunnarsson  
Soffía Hjartardóttir  
Sverrir Norland

Ég vil biðja fundarmenn að minnast þessara látnu félaga okkar með því að rísa úr sætum.

Á starfsárinu var stjórn Golfklúbbs Reykjavíkur þannig skipuð:

Gestur Jónsson, formaður.  
Jón Pétur Jónsson, varaformaður  
Helga Harðardóttir gjaldkeri.

Meðstjórnendur voru: Bernhard Bogason, Björn Víglundsson, Stefán Gunnarsson og Viggó Viggósson.

Í varastjórn sátu Rakel Kristjánsdóttir, Anna Björk Birgisdóttir og Magnús Oddsson.

Haldnir voru 16 bókaðir stjórnarfundir. Eins og undanfarin ár sat varastjórn alla stjórnarfundir, ásamt framkvæmdastjóra.

Í lok starfsársins voru félagar í Golfklúbbi Reykjavíkur 2492 þar af eru 25 ævifélagar og 8 heiðursfélagar. Félagsmenn sem greiða árgjald eru því 2459. Þá eru 172 unglingar með aukaaðild. Hlutfall kvenna vex lítillega og er nú 26 %. Félagsmönnum sem greiða árgjald hefur fjölgað um 53 frá fyrra ári. Loks seldi klúbburinn 322 sumarkort á Litla-Völlinn auk aðgangs að Grafarkotsvellinum en þar voru seldir 920 hringir

Þeir sem eru 67 ára og eldri eru 293  
Börn og unglingar eru 330

Það eru því um 3,000 manns sem höfðu rétt til þess að leika vellina okkar á síðasta sumri.

Í lok starfsársins voru 768 manns á biðlista eftir inngöngu í klúbbinn.

### *Fjármálin.*

Gjaldkeri klúbbsins mun gera nánari grein fyrir reikningunum hér á eftir.

### *Framkvæmdir ársins:*

Helstu nýframkvæmdir við velli klúbbsins í ár voru:

#### Grafarholt:

- Umhverfi 13. flatar í Grafarholti, stígagerð ofl.
- Endurbyggðir voru framteigar á 5., 7., 8., 14., og 15 braut í Grafarholti
- Grjóthreinsun og holufyllingar á 1.,3.,4. og 9. braut í Grafarholti.
- Lokið var frágangi við malbikið á stígnum sem liggur í gegnum Grafarholtsvöllinn. Lokið var frágangi meðfram köntum stígsins sem var töluvert verkefni.

#### Korpa:

- Gróðursettar aspir á 8., 10. og 11. braut á Korpu
- Skipt var um jarðveg frá húsi að 1. teig einnig sunnan Korpúlfsstaðahúss að 10.teig, svæðið malbikað og gengið frá með kantsteini og trjábeðum.
- Útbúin var hreinsunaraðstaða norðan við 18. flöt
- Breytt var gönguleið við 18. flöt á þann veg að þegar leik er lokið er gönguleiðin austan við flötina út á göngustíginn.
- Lokað undir verönd við Korpúlfsstaðahús þannig að ekki er lengur opið undir veröndina.
- Kjallari í Korpúlfsstaðahúsi tekinn á leigu, málaður, lagfærður, hlutaður niður með merktum stæðum og leigður út fyrir golfbíla, lagt rafmagn til hleðslu á rafmagnsknúnum bílum. Þarna er nú pláss fyrir 90-100 golfbíla.
- Skrifstofuaðstaða á Korpúlfsstöðum máluð, skipt um hurðir, gólfefni, hreinlætistöki ofl.
- Hlöðuloftið á Korpúlfsstöðum var klætt og einangrað

Á vordögum var kveikt í þjónustuhúsi við 10. teig í Grafarholti.. Endurbyggja þurfti húsið nánast frá grunni, tókst að ljúka endurbyggingu í byrjun júlí. Húsið var tryggt þannig að fjárhagslegur skaði var í lágmarki.

Þá var aðkoma og umhverfi Korpúlfsstaðahúss bætt verulega,; Girðing við bílplan var fjarlægð, í staðinn settar niður aspir til að fegra umhverfið og skilja bílastæðin frá golfvellingum.. Orkuveita Reykjavíkur færði klúbbum að gjöf drykkjarfont sem ber nafnið Nykur. Nykur er listaverk eftir listamaðmanninn Þórð Hall og var framleitt í Kína. Orkuveitan sá um að koma listaverkinu fyrir og ganga frá lögnum að því en við sáum um frágang á hellulögn, tyrfingu ofl.

Enn þarf að bæta aðkomuna á Korpunni m.a. með því að endurnýja hleðslur fyrir framan golfverslunina og í reynd þarf að endurgera millibygginguna við súrheysturnana .

Við höfum fengið munnleg fyrirheit frá þeim aðilum hjá borginni sem hafa með málefni Korpúlfsstaðahússins að gera að veitt verði vonandi á næsta ári allt að 20 mkr til þess að bæta og snyrta aðstöðuna á Korpunni þar með talið að ganga frá bakgarðinum sem er inn á milli húsanna á Korpúlfsstöðum. Vonandi verða þessir peningar notaðir strax á næsta ári.

#### *Vélakaup.*

Keyptar voru vélar og golfbílar fyrir um 24 mkr.

#### *Afrok.*

Klúbbmeistari karla varð Haraldur Hilmar Heimisson

Klúbbmeistari kvenna varð Helena Árnadóttir..

Sigurvegarar í GR open voru Ingvar Guðjónsson og Bjarki Guðmundsson GG

Haraldur Hilmar Heimisson varð stigameistari á Kaupþings mótariðinni og er þetta annað árið í röð sem GR eignast stigameistara karla.

Arnór Ingi Finnbjörnsson varð annar í Íslandsmótinu í holukeppni.

Guðmundur Ágúst Kristjánsson varð Íslandsmeistari í flokki 14-15 ára drengja í holukeppni

Haraldur Franklín Magnús varð Íslandsmeistari í flokki 16-18 ára drengja í holukeppni.

Ólafía Þórunn Kristinsdóttir varð Íslandsmeistari í flokki stúlkna 14- 15 ára í höGGLEIK..

Piltasveit GR-b 16-18 ára, skipuð Heimi Þór Morthens, Helga Ingimundarsyni, Snorra Páli Ólafssyni, Árna Gestssyni og Andra Jóni Sigurbjörnssyni varð Íslandsmeistari. Liðsstjóri var Hólmar Freyr Christiansson.

Piltasveit GR-a 15 ára og yngri, skipuð Guðmundi Ágústi Kristjánssyni, Guðna Fannari Carrico, Jakob Helga Jónssyni, Magnúsi B. Sigurðssyni og Alex Frey Gunnarssyni varð Íslandsmeistari. Liðsstjóri var Jóhann Kristján Hjaltason

Öldungasveit karla varð Íslandsmeistari undir forystu Viktors Sturlaugssonar Sveitina skipuðu auk Viktors, Halldór B. Kristjánsson , Rúnar S. Gíslason, Þorsteinn Þorsteinsson, Óskar Sæmundson, Hans Isebarn, Friðgeir Guðnason, Vilhjálmur Hjálmarsson og Garðar Eyland

Loks er rétt að geta þess að Ólafur Már Sigurðsson reyndist högglangsti kylfingur Íslands þegar landsins mestu sleggjur reyndu með sér í haust. Hann sló svolítið á fjórða hundrað metra.

#### *Störf nefnda:*

Á vegum klúbbsins starfa nokkrar nefndir sem sinna afmörkuðum þáttum starfseminnar.

#### *Forgjafar- og aganefnd.*

Í forgjafarnefnd eru Jónas Valtýsson, formaður, Stefán Pálsson og Guðni Hafsteinsson.

#### *Kvennanefnd.*

Í kvennanefnd sátu: Anna Björk Birgisdóttir formaður, Arndís Auður Halldórsdóttir, Marólína Erlendsdóttir Guðbjörg Sigmundsdóttir, Herdís Jónsdóttir, Ingibjörg Halldórsdóttir og Silja Rún Gunnlaugsdóttir.

#### *Afreks- og unglínganefnd.*

Í unglínganefnd sátu: Magnús Oddsson formaður, Hannes Eyvindsson, Pétur Guðmundsson, Sigurður Pétursson, Víðir Ársælsson, Björn H. Björnsson, Örn Sölvi Halldórsson, Jón S. Garðarsson og Guðlaugur Bergmundsson

*Öldunganefnd* laut formennsku Halldórs B. Kristjánssonar og með honum í nefndinni voru Guðmundur Vigfússon, Jóhanna Bárðardóttir og Viktor Ingi Sturlaugsson.

*Vallanefnd*: Viggó H. Viggósson formaður, Sigurður Pétursson, Guðrún Árnadóttir, Haraldur Heimisson, Gísli Guðni Hall og Bernhard Bogason

*Húsanefnd*: Rakel Kristjánsdóttir, Anna Björk Birgisdóttir, Helga Hilmarsdóttir, Erna Rún Einarsdóttir

Tímans vegna mun ég ekki rekja einstaka þætti í starfi nefndanna heldur læt við það sitja hér að þakka öllum sem unnið hafa í og með nefndunum og færi þeim kærar þakkir fyrir vel unnin störf. Ég hef óskað þess við formenn nefndanna að þeir taki saman stuttar skýrslur um störf nefndanna og birti þær á heimasíðu klúbbsins.

### ***Kappleikir***

Kappleikjahald var að flestu leyti með hefðbundnu sniði. Í meistaramóti GR léku 512 kylfingar sem er svipað og árið á undan en þá var metþátttaka. Að venju var góð þátttaka í GR-opna eða 144 keppendur. Opin mót hjá klúbbum voru 16 og voru þátttakendur 1792. Innanfélagsmót voru 9 og þátttakendur í þeim 1407. Boðsmótin voru 15 með 1360 þátttakendum.

Þetta eru svipaðar tölur og 2006.

Stjórn GR ákvað að framlengja samning við Faldo Series til þriggja ára, þ.e. út árið 2009. Faldo unglíngamótið fór fram í ágúst á Grafarholtsvelli. Vandað var til umgjáðar mótsins og þátttakan var góð. Keppendur í mótinu voru 72 og þar á meðal langflestir efnilegustu kylfingar landsins af yngstu kynslóðinni. Í tengslum við mótið komu hingað Keith Woods þjálfari Nick Faldo, Kerry Mc'Donald framkvæmdastjóri Faldo Series og Jack Hiluta einn af efnilegustu unglíngum á Faldo Series mótariðinni. Í tengslum við mótið var haldið fjáröflunarmót með þátttöku margra bestu kylfinga landsins og fulltrúa fyrirtækja sem styrkja mótshaldið. Það er gaman að segja frá því að í þessu móti setti Jack Hiluta setti vallarmet í Grafarholti af gulum teigum, lék á 64 höggum. Í tengslum við mótið hélt Keith Woods, þjálfari Faldo,

fyrirlestra fyrir gesti og þátttakendur í mótinu. Framkvæmd mótsins gekk mjög vel og leyfi ég mér að segja að þetta mót sé í algjörum sérflokki unglíngamóta á Íslandi. Tel ég mikilvægt að klúbburinn vandi áfram til þessa móts. Slíkt er klúbbum til sóma og unglíngagolfinu til framdráttar. Sigurvegarar í hverjum flokki fengu keppnisrétt á lokamóti Faldomótaraðarinnar á Celtic Manor í október. Stóðu krakkrnir okkar sig vel í harðri keppni við sigurvegara annars staðar frá á mótariðinni.

Skýrsla kappleikjanefndar verður birt á heimasíðu klúbbsins. Þar hefur staðið í stafni eins og undanfarin ár Jón Pétur Jónsson, varaformaður félagsins.

### *Kylfingur*

Kylfingur var gefinn út með hefðbundnum hætti og auk þess eitt fréttabréf.

Bernhard Bogason er ritstjóri Kylfings.

### *Rekstur vallanna á síðasta sumri.*

Ástand vallanna hjá okkur í sumar var lakara en við höfðum vænst og höfum átt að venjast.

Í Grafarholti virtist útlitið gott við opnun vallarins 6. maí en árferðið var þannig að völlurinn tók fremur seint við sér og komst ekki í gott ástand fyrr en í byrjun júlí. Flatirnar á 2., 6., og 10. braut áttu erfitt í sumar og voru langt fram eftir sumri ekki í því ástandi sem við getum sætt okkur við. Það er verðugt verkefni fyrir okkar ágætu vallarstarfsmenn að takast á við þennan vanda og leita lausna sem tryggja að Grafarholtsvöllurinn verði alltaf jafn góður og aðstæður á Íslandi leyfa hverju sinni.

Undanfarin sumur hefur Korpan farið batnandi sem golfvöllur ár frá ári og ástand vallarins sumarið 2006 var prýðilegt og flatirnar einhverjar þær bestu á landinu. Af þeirri ástæðu var síðasta sumar tími mikilla vonbrigða. Korpan kom vel undan vetri og ekkert virtist benda til annars en völlurinn yrði í góðu standi. Sú varð alls ekki raunin. Flatirnar á Korpunni náðu aldrei viðunandi ástandi í sumar og því miður verður að segjast eins og er að völlurinn var langt frá þeim gæðum sem við gerum kröfur til. Vissulega voru utanaðkomandi aðstæður okkur erfiðar með köldu vori og langvarandi þurrkum. Af því leiddi að árangur af yfirsáningum varð minni en vonir stóðu til. Undir haust, þegar rigna tók látlaust tóku flatirnar á Korpunni vel við sér

og mat vallarstjórans á Korpunni er að allar líkur séu á því að Korpan komi sterk inn á næsta vori og skipi sér þá aftur í flokk bestu valla landsins.

*Samstarf við golfklúbba. Hella, Hamarsvöllur, Suðurnes og Þorlákshöfn:*

1120 hringir leiknir á Hamarsvelli í Borgarnesi.

2500 hringir leiknir á Þorláksvelli á Þorlákshöfn.

1121 hringir leiknir á Hólmsvelli í Leiru.

1800 hringir leiknir á Hellu.

Alls léku félagsmenn í GR um 6.541 hringi á vinavöllum klúbbsins.

Samstarfið gekk vel án undantekninga. Engar kvartanir bárust og almennt virðast heimsóknir GR inga hafa verið til þess að styrkja rekstur vinavallanna, ekki síst þegar menn þakka fyrir sig með því að setjast niður í klúbbhúsi að leik loknum og kaupa veitingar.

*Samningur við Leyni.*

Eins og fundarmenn rekur sjálfsagt minni til vorum við með vinavallasamning við Golfklúbbinn Leyni á Akranesi í nokkur ár. Stjórn Leynis ákvað að halda samstarfinu ekki áfram og var enginn samningur á milli klubbanna á þessu ári. Rekstur Leynis hefur verið mjög erfiður enda félagsmenn í raun of fáir til þess að standa undir rekstri Garðavallar sem er án vafa einn af betri golfvöllum landsins. Undir haustið vöktu Leynismenn máls á samstarfi við GR um rekstur vallarins til nokkurra ára á þeim forsendum að GR tæki að sér rekstur vallarins gegn því að félagsmenn Leynis mættu leika á vellinum undir sömu formerkjum og félagsmenn GR auk þess sem Leynir fengi áfram aðstöðu til þess að halda meistaramót og önnur innanfélagsmót og aðstöðu til þess að sinna afreks- og unglíngastarfi.

Að öðru leyti verður völlurinn rekinn sem þriðji 18 holu völlum GR. Hirðir GR tekjur af rekstri vallarins og greiðir útgjöld vegna umhirðu og annars rekstrar. Gengið er út frá því að skráning rástíma verði í gegnum sama bókunarkerfi og notað er fyrir Grafarholt og Korpu. Ætlunin er að flytja hluta af mótahaldi hjá GR á Garðavöll auk þess sem nýtt rými skapast fyrir afreks- og unglíngastarfið. Loks er það trú stjórnarinnar að almennir félagar GR muni spila Garðavöll í auknum mæli eftir að samningurinn hefur verið gerður.

Samkvæmt áætlun okkar munu tekjur af rekstri Garðavallar, þ.m.t. félagsgjöld 250 nýrra félaga, standa undir kostnaði GR af rekstrinum. Það er vissulega verðugt verkefni fyrir stjórnendur klúbbsins að ná þessum

rekstrarmarkmiðum en mín trú er að það sé hægt. Til þess þarf kerfisbundið að vinna að því að fá félagsmenn GR til þess að nýta þá frábæru aðstöðu sem er á Skaganum.

Stjórn GR hefur fengið á sig gagnrýni vegna sammingsins við Leyni. Það er auðvitað skiljanlegt að félagsmenn vilji fara varlega í að bæta við félagsmönnum í GR þar sem sumir telja of marga fyrir. Á hitt er að líta að Garðavöllur gæti eflaust þjónað a.m.k 800 félagsmönnum til viðbótar þeim sem nú eru í Leyni. Okkar forsendur eru að aðgangur að vellinum á okkar forsendum skapi rými fyrir 250 nýja félagsmenn í GR. Einungis reynslan mun skera úr því hvort þetta mat okkar er rétt. Við megum heldur ekki gleyma því að þeir sem stýra GR hafa líka skyldur gagnvart því fólki sem er á biðskrá eftir að komast inn í klúbbinn. Þessi 800 manna hópur á kröfu til þess að stjórn klúbbsins geri allt sem unnt er til þess að tryggja þeim aðstöðu til þess að leika golf. Þótt okkur sem fyrir erum þætti sjálfsagt sumum best að loka hliðinu, fækka í klúbbum og nýta þá frábæru aðstöðu sem hér hefur risið fyrir okkur sjálf og hugsa ekkert um þá sem fyrir utan standa, þá lít ég svo á að þetta getum við ekki gert. Okkar hlutverk er að þjóna kylfingum í höfuðborginni á þann hátt að reyna að tryggja þeim bestu aðstöðu til golfæfinga og golfleiks sem völ er á, aðgengi sem er þolanlegt, en jafnframt að þessi gæði standi sem flestum til boða. Vinavallasamningarnir sem GR hefur haft forgöngu um undanfarin ár hafa verið skref á þessari braut og samningurinn við Leyni færir okkur einu feti framur í því að náum að þjóna fleirum en áður.

Við skulum hafa eitt á hreinu. Samningurinn við Leyni er ekki til frambúðar. Skagamenn eru ekkert á þeim buxunum að selja Reykvíkingum golfvöllinn sinn. Ekkert frekar en fótboltavellina. Samningurinn er tímabundinn til 5 ára og í reynd má segja að við séum að taka svolítið forskot á sæluna. Stækkun Korpunnar mun verða á samningstímanum og þar með skapast varanlegt rými fyrir þá sem koma inn í GR á grundvelli sammingsins um Garðavöll.

#### *Nýtt vallamat.*

Í vor tók gildi nýtt mat á völlum okkar í Grafarholti og á Korpu. Nýja matið var unnið af vallarmatsnefnd GSÍ og er gert eftir þeim reglum sem gilda samkvæmt EGA forgjafarkerfinu. Mat vallanna lækkaði verulega eins og búist var við þannig að þeir sem leika vellina töpuðu að jafnaði þremur höggum af leikförgjöf sinni ef miðað hefði verið við óbreytta grunnförgjöf. Markmiðið með forgjafarkerfinu er að grunnförgjöfin endurspegli raunverulega getu leikmanns á hverjum tíma. Af þeirri ástæðu ákvað



forgjafarnefnd GR í samráði við stjórn að endurreikna forgjöf þeirra félagsmanna GR sem hafa gilda forgjöf þannig að leikforgjöf héldist óbreytt þrátt fyrir breytt vallarmat. Öllum var heimilt að hafna þessar breytingu kysu þeir að leika áfram á gömlu forgjöfinni.

Það segir sig sjálft að breytt mat á völlum GR hafði engin áhrif á leikgetu félagsmanna. Þeir þurftu að alveg jafnmörg högg í til þess að klára 18 holur þótt vallarmatið breyttist. Grunnforgjöf sem fengin er með leik á völlum sem eru ranglega metnir er röng sem nemur skekkjunni í vallarmatinu

Yfirgnæfandi hluti félagsmanna GR leikur golf sér til ánægju án þess að opinber keppni sé markmiðið. Flestir keppa við félagana og sjálfa sig. Hafa það markmið að ná fram lækkun forgjafar þegar vel er leikið en setta sig við hækkun á vondu dögnum. Það er óviðunandi fyrir venjulega kylfinga að spila í mörg ár með forgjöf sem hann og aðrir vita að endurspeglar ekki raunverulega getu leikmannsins. Við þau skilyrði leiða jafnt góðu og vondu hringirnir til hækkunar og forgjöfin hættir að vera það eðlilega viðmið í leiknum sem hún á að vera. Endurreikningur forgjafarinnar var gerður vegna hagsmuna þess stóra hóps kylfinga sem hér um ræðir.

Gagnrýnin sem fram kom á ákvörðun forgjafarnefndar GR byggðist fyrst og fremst á því að endurreiknuð forgjöf félagsmanna í GR yrði ekki sambærileg forgjöf félagsmanna annarra klúbba þar sem vallarmat hefur enn ekki verið endurskoðað. Slíkt skapi ósamræmi í forgjöf á landinu. Þessi gagnrýni er rétt svo langt sem hún nær. Vandamálið er hins vegar ekki endurreikningur forgjafarinnar heldur hitt að endurmat golfvalla á Íslandi skuli ekki taka gildi á sama tíma. Það liggur í hlutarins eðli að forgjöf sem fengin er með leik á endurmetnum völlum getur aldrei orðið sambærileg forgjöf sem fengin er við leik á völlum sem metnir eru á öðrum grunni. Að mínu mati voru það alvarleg mistök af hálfu GSI að skipuleggja endurmat golfvalla á Íslandi ekki með þeim hætti að breytt vallarmat tæki alls staðar gildi á sama tíma. Það var eina leiðin til þess að tryggja sambærilega forgjöf milli klúbba þrátt fyrir breytingar á vallarmati. Því er stóra vekefnið að ljúka samræmdu vallarmati allra golfvalla á Íslandi sem allra fyrst þannig að forgjöf geti aftur orðið sambærileg og endurspegli raunverulega getu leikmanna. Ég trúir því að ákvörðun GR um endurreikning forgjafar hafi mjög ýtt við stjórn GSI þannig að endurmati íslenskra golfvalla muni ljúka mun fyrr en ella og þannig náist sambærileg forgjöf milli klúbba fyrr en ella.

### *Íþróttastjóri og golfkennsla.*

Á þessu starfsári var gerð sú breyting á skipulagi klúbbsins að ráðinn var íþróttastjóri í fullt starf hjá klúbbum. Til starfsins var ráðinn Brynjar Eldon Geirsson, golfkennari sem áður hafði sinnt unglunga og afreksstarfi hjá GKG við góðan orðstír. Íþróttastjóri ber ábyrgð á afreks- og unglingastarfi klúbbsins og ber ábyrgð á ráðstöfun þeirra fjármuna sem hverju sinni er varið til þessa þáttar í starfsemi klúbbsins. Mér finnst fyrsta ár Brynjars í starfi lofa góðu og tel að GR megi vænta mikils árangurs í framtíðinni af starfi hans. Rétt er að taka það fram að ávörðunin um ráðningu íþróttastjóra tengist samningi við Reykjavíkurborg um að hún kosti stöðugildið að langmestu leyti þannig að kostnaður klúbbfélaga af ráðningunni er nánast enginn.

Þá var tekin sú ákvörðun að breyta fyrirkomulaginu á rekstri Bása með þeim hætti að gera leigu- og samstarfssamning við félagið Progolf um reksturinn. Samningurinn við Progolf er allflókinn og tekur á mörgum þáttum. Grundvallaratriði samningsins, frá sjónarhorni GR, var að tryggja GR a.m.k. sambærilegar leigutekjur frá Básam og rekstur GR hafði áður skilað og jafnframt tryggja að þjónusta Progolf við félagsmenn GR og aðra viðskiptamenn Bása yrði a.m.k. sambærileg að gæðum og umfangi og verið hafði auk þess sem breytingar á boltaverði til hækkunar væru háðar samþykki sjórnar GR.

Hluti af samningnum við Progolf snýst um að félagið tryggi félagsmönnum GR og öllum almenningi hæfilegt framboð á golfkennslu. Þá kaupir klúbburinn þjónustu af Progolfi fyrir afreks- og unglingastarf klúbbsins. Ein afleiðing þessa samnings er sú að ekki eru lengur forsendur til þess að GR hafi á sínum snærum ráðna sérstaka golfkennara. Samningum við golfkennara okkar þá Derrick Moore og David Barnwell var því sagt upp en þeim bauðst starf hjá Pro golfi. David þáði starfið og hefur í ríkum mæli sinnt afreksstarfi GR á síðasta ári. Derrick ákvað að leita á önnur mið og var skömmu síðar ráðinn yfirkennari hjá GKG. Derrick hafði skilað góðu starfi hjá GR og vil ég nota þetta tækifæri til þess að þakka honum gott starf fyrir GR þau ár sem hann starfaði með okkur í þessum klúbbi. Á sama hátt vil ég þakka David fyrir störf hans fyrir GR og skiptir þar ekki máli hvort þau voru unnin af honum sem starfsmanni GR eða Pro Golfs.

Ákvörðun okkar um að leigja út rekstur Bása var umdeild. Ég er þeirrar skoðunar að þetta hafi verið rétt ákvörðun á þeim tíma þegar hún var tekin. Starfsemi Golfklúbbs Reykjavíkur snýst fyrst og fremst um að reka

golfvöllina. Reyna að halda völlum jafn góðum og kostur er og greiða götu félagsmanna til þess að leika vellina okkar og eftir atvikum aðra velli. Þetta er út af fyrir sig nægt verkefni fyrir þá sem stjórna klúbbum. Önnur tímafrek og vandasöm rekstrarverkefni, sem tengjast rekstri golfvallanna en eru þó ekki hluti af rekstri þeirra, eigum við alltaf að kanna hvort séu betur komin í höndum annarra. Ég lít svo á að þetta eigi við um golfkennslu og rekstur Bása rétt eins og ég tel það happaspor að ákveðið var að fá utanaðkomandi aðila til þess að reka veitingasöluvarnir í Grafarholti og á Korpu fremur en að klúbburinn sé sjálfur að vasast í þessum rekstri. Hlutverk stjórnar klúbbsins og framkvæmdastjóra er svo að fylgjast með gæðum þjónustunnar og kostnaði við hana og leita annarra leiða sé árangur ekki eins og að var stefnt. Reynist árangur ekki í samræmi við væntingar taka menn nýja ákvörðun sem verður þar með rétt ákvörðun á þeim tíma.

Án þess að ég ætli að fara nánar út í það þá fullyrði ég það hér og nú að tekjur GR umfram gjöld af rekstri Bása á næstu árum, samkvæmt gildandi samningi, munu gera meira en að nægja til þess að greiða af þeim skuldbindingum sem klúbburinn þurfti að taka á sig til þess að reisa mannvirkið. Hverjar skoðanir sem menn kunna að hafa á núverandi rekstrarfyrirkomulagi Bása þá leyfi ég mér að rifja það upp að það voru ekki margir sem trúðu því þegar við ákváðum að fara í byggingu Bása að rekstur æfingasvæðisins myndi standa undir sér fjárhagslega hvað þá að hann yrði til þess að styrkja aðrar stoðir rekstrar klúbbsins. Sú er nú samt raunin og finnst mér ástæða til að gleðjast yfir því.

#### *Að lokum nokkur orð um framtíð GR*

Forsendan fyrir starfsemi Golfklúbbs Reykjavíkur er það land sem klúbburinn hefur til afnota í miðju borgarlandinu. Í Grafarholtinu höfum við til ráðstöfunar yfir 70 hektara lands. Leigusamningur um Grafarholtið rann út árið 1994. Þegar ég tók við formennsku í GR haustið 1998 gengum við til þess verks að reyna að tryggja að Grafarholtið yrði vettvangur golfs í Reykjavík um langa framtíð. Það tókst og gerður var nýr 50 ára leigusamningur við borgina sem tryggir veru okkar í Grafarholtinu um nokkra framtíð. Á Korpúlfsstöðum hefur staðan verið önnur. Borgin hefur átt völlum og húsið og hefur gert samning við GR um rekstur golfvallarins. Af hálfu klúbbsins hefur verið leitast við á undanförunum árum að tryggja til framtíðar Korpúlfsstaðasvæðið fyrir golfíþróttina. Í apríl 1996 var gengið frá samningi við borgina þar sem því var lýst yfir að gerður yrði samningur við klúbbinn um land fyrir 27 holu golfvöll auk Litla vallarins sem er 9 holur. Jafnframt var því markmiði lýst að stækkun Korpuvallarins í 27 holur yrði

hafin ekki síðar en 2009. Á ýmsu hefur gengið við að ná fram þessum samningsmarkmiðum en það er mér mikið gleðiefni að geta staðfest við þennan aðalfund að nú hefur verið gerður samningur milli borgarinnar og GR um að klúbburinn taki á leigu til næstu 50 ára alls 97 hektara lands við Korpúlfsstaði þar sem sú aðstaða verður sköpuð sem stefnt var að með samningnum frá 1996, þ.e. 27 holu keppnisvöllur og 9 holu æfingavöllur. Þessi samningur er nú undirritaður og honum hefur verið þinglýst og þar með er tryggt að flestir sem hér inni sitja geta gengið að því sem vísu að þeir geti spilað golf í Grafarholti og á Korpu fram á sitt ævikvöld.

Á grundvelli samninganna um Grafarholts- og Korpulandið hefur stjórn klúbbsins kynnt borgaryfirvöldum vilja sinn til framkvæmda á næstu árum. Fyrst á blaði er stækkun Korpunnar en áætlað er að sú framkvæmd kosti um 170 mkr. Þá er ætlunin að ljúka framkvæmdum á Básasvæðinu sem í aðalatriðum fela í sér byggingu nýrrar áhalda- og vélageymslu, þjónustubyggingar við Bása sem tengist inniæfingaaðstöðu sem og stækkun æfingavallarins í Grafarkoti úr 6 í 9 holur. Áætlaður kostnaður við þessar framkvæmdir er yfir 300 mkr. Þá er vilji til þess að gera tilteknar endurbætur á Grafarholtsvellinum áður en Íslandsmótið verður þar haldið sem kynnu að kosta allt að 50 mkr. Þetta eru gríðarleg verkefni sem ekki verða leyst án stuðnings borgarinnar. Við höfum átt viðræður við borgaryfirvöld um fjármögnun þessara verkefna. Engar endanlegar niðurstöður liggja fyrir í því efni en mikill og góður vilji er hjá núverandi borgarstjóra Degi B. Eggertssyni og fyrrverandi borgarstjóra Vilhjálmi Þórmundi Vilhjálmsyni til þess að leysa þetta mál auk þess sem við höfum notið góðs stuðnings Björns Inga Hrafnssonar, formanns Íþróttá og tólmstundaráðs.

Þær raddir hafa heyrst að rétt sé og nauðsynlegt að gera umfangsmiklar endurbætur á Grafarholtsvellinum í nánustu framtíð sem felist í endurgerð flata og teiga, lengingu vallarins af öftustu teigum og sléttun brauta. Hefur umræðan snúist um að ráða viðurkenndan hönnuð til þess að endurhanna völlinn frá grunni og gera verkplan til þess að vinna eftir. Tryggja til frambúðar að Grafarholtsvöllurinn verði besti keppnisvöllur landsins.

Þessar hugmyndir eru að mínu mati góðra gjalda verðar en að mínu mati ekki tímabærar miðað við fjárhagsstöðu klúbbsins og önnur verkefni sem stjórn klúbbsins hefur sett í forgang. Þær endurbætur á Grafarholtsvellinum sem um ræðir kosta án vafa hundruð milljóna króna og að mínu mati er ekki svigrúm til þeirra útgjalda alveg næstu árin.

Góðir fundarmenn. Ég hef ákveðið að láta af starfi sem formaður GR á þessum fundi. Ég tók við starfinu árið 1998 og hef því verið formaður klúbbsins í 9 ár. Ég held að nóg sé komið fyrir mig og klúbbinn og það sé öllum hollt að skipta um mann í brúnni. Þar að auki finnst mér að formannsjakkinn minn sé að verða fullþröngur fyrir holdafar mitt. Þetta hafa verið skemmtileg ár og mikið að gerast hjá GR á þessum tíma. Árið 1998 voru félagar 1.180 en nú eru þeir meira en tvöfalt fleiri. Árið 1998 voru tekjur klúbbsins 54 mkr en í ár eru þær nálægt fimmföld sú fjárhæð. Að teknu tilliti til verðlags hafa tekjur klúbbsins þrefaldast á tímabilinu. Með þessu er ekki öll sagan sögð því auk þess starfs hjá klúbbum sem reikningarnir lýsa er rekstur Bása, öll golfkennslan og veitingareksturinn þættir í Golfklúbbi Reykjavíkur þannig að þegar allt er talið er þetta rekstur upp á 4 til 5 hundruð milljónir króna á ári. Þessi ár hafa verið uppbyggingarskeið en fyrst og fremst ánægjutími. Mér finnst vænt um Golfklubb Reykjavíkur og ég er stoltur af því að hafa fengið að þjóna honum síðasta áratug.

Ég vil nota þetta tækifæri til þess að þakka öllu því góða fólki sem ég hef starfað með innan klúbbsins á þessum árum. Það yrði alltof langt mál að telja upp öll nöfnin en ég get þó ekki látið hjá líða að þakka þeim Margeiri Vilhjálmsyni og Garðari Eyland, sem hafa verið framkvæmdastjórar klúbbsins á þessum árum, fyrir frábært samstarf og góð persónuleg kynni. Ég er ekki einn um að hætta í stjórninni að þessu sinni því auk mín hættir Stefán Gunnarsson. Stefán hefur verið þungaviktarmaður í öllu sem hann hefur gert fyrir klúbbinn hvort sem það hefur veið í vallarnefndinni, við uppbyggingu Básanna eða sem fyrirliði á keppnisvöllinum. Stefán komst ekki til þessa fundar en bað mig að færa samstjórnarmönnum okkar kærar þakki fyrir samstarfið á undanförunum árum.